
FYLGST MEÐ KENNSLU

Kennari fylgist með kennslu annars kennara

Það getur verið gagnlegt að fylgjast með kennslu annars kennara / kennaranema. Slík vettvangsathugun nýtist við rannsóknir, við kennaranám og við starfsþróun kennara. Sumum finnst það besta starfsþróunin að fylgjast með kennslu annarra.

Þegar við fáum að sitja í kennslustund hjá öðrum er ástæða til að sýna kennara fulla virðingu og láta lítið fyrir sér fara. Þó er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því að áhorfandi í kennslustofu hefur alltaf einhver áhrif á það sem gerist í kennslustofunni.

Fyrir athuganda er gott að vera með blað, eyðublað eða gátlista við athuganir sínar. Ýmsar leiðir eru færar við það. Mikilvægast er að vita fyrirfram hverju maður ætlar að fylgjast með og hvað maður vill fá út úr heimsókninni. Nauðsynlegt er að ræða við kennarann fyrir kennslu og fá upplýsingar um það hvað stendur til og hvernig kennslan er skipulögð.

Ein leið er að skrá hvað gerist í tímaröð, eða skrá t.d. á 5 mínútna fresti hvað er að gerast; hvað kennarinn er að gera, hvað nemendur eru að gera... og eftir kennslustundina færa upplýsingarnar inn á eitthvert skipulegra eyðublað, þar sem tilteknum spurningum er svarað.

Eftir kennslustundina er nauðsynlegt að ræða við kennarann og fá viðbrögð hans við kennslunni. Sé áhorfið liður í samstarfi kennara um starfsþróun og reiknað með einhvers konar viðbrögðum, er stundum mælt með því að áhorfandi tali aðeins um það sem var jákvætt og það sem hann tekur með sér, það sem hann lærði á heimsókninni. Þetta á sérstaklega við þegar samstarfsfólk fylgist með kennslu hvors annars. Það er þekkt að gagnrýni og „góð ráð“ frá kollegum virki illa á fólk og skaði samstarf samstarfsfólks. Þá er og þekkt það viðhorf að það sé auðveldara að hjálpa fólk að þróast í starfi með því að styðja við hið jákvæða en að velta sér upp úr því sem miður fer. Sumir segja jafnvel að leggi maður meiri áherslu á það sem maður geri vel, víki gallarnir frekar af sjálfu sér... Hverju sem því líður er full ástæða til að hvetja áhorfanda til að fara mjög sparlega með gagnrýni.

Eftir áhorf getur verið gagnlegt að fara yfir markmið kennslunnar, og kennarinn segir hvernig honum fannst honum takast til og áhorfandi segi frá því sem hann fékk út úr heimsókninni og ræði um þá þætti sem honum þykja til eftirbreytni.

Gátlisti... Dæmi um hluti sem vert er að taka eftir:

- **Námsandrúmsloft.** Hvað gerir kennarinn til þess að skapa námsandrúmsloft í hópnum?
- **Samband við námsmenn.** Skapar leiðbeinandinn gott samband við þátttakendur strax í upphafi námskeiðs og á meðan því stendur?
- **Kynning markmiða og innihalds.** Gerir kennarinn grein fyrir og ræðir markmið námsins og einstökum þáttum þess? Lýsir hann námsþáttum námsins í upphafi? Ræðir hann dagskrá?
- **Notkun nýsitækni.** Hvernig notar kennarinn töflu, skjávarpa, skjá, myndvarpa og eða önnur nýsitæki. Eykur notkunin skilning og virkni nemenda? Auðveldar hún nám?
- **Þekking á viðfangsefninu.** Sýnir kennarinn djúpa þekkingu á viðfangsefninu sem hann er að kenna?
- **Halda þræðinum.** Kann kennarinn að svara spurningum sem eru efni dagsins óviðkomandi og komast síðan fljótt til baka að efni dagsins?

- **Hvatning til spurninga.** Hvetur kennarinn nemendur til að spyrja? Tekur hann spurningum þeirra vel? Kallar kennarinn oft eftir spurningum og beiðni um skýringar frá nemendum?
- **Viðeigandi svör við spurningum.** Svarar kennarinn spurningum nemenda af virðingu? Hlustar hann athugull og þolinmóður á spurningarnar?
- **Skipulagning tímans.** Sýnir kennarinn hæfileika til að halda þeim tímatakmörkunum sem gefin eru?
- **Viðeigandi kennsla.** Lagar kennarinn útskýringar sínar að þekkingarstigi nemenda og þörfum þeirra? Lagar hann kennsluhraðann að þátttakendum? Eru þarfir hægfara nemenda annars vegar og hraðra nemenda hins vegar teknar til greina?
- **Hvatning til þátttöku.** Hvetur leiðbeinandinn nemendur til að taka virkan þátt í náminu. Sýnir leiðbeinandinn áhuga á að virkja þátttakendur í námsferlinu?
- **Útbúa tækifæri til velgengni / fyrir sigra.** Gefur leiðbeinandinn jákvæð viðbrögð, jákvæða styrkingu við árangri þátttakenda? Hjálpar hann þeim að svara *sjálfir* spurningum sínum og leysa *sjálf* verkefni sín?
- **Samskipti við ólíkar manngerðir.** Kann kennarinn að eiga góð og jákvæð samskipti við allar manngerðir? Kann hann að eiga við "erfiða" námsmenn?
- **Skýrar leiðbeiningar.** Getur kennarinn útskýrt og kynnt hugmyndir, hugtök og aðgerðir á skýran, stuttan, skiljanlegan og nákvæman hátt?
- **Viðeigandi samlíkingar og kennslugögn.** Notar kennarinn viðeigandi dæmi, samlíkingar, myndir og hjálpargögn til að skýra viðfangsefnið á fullnægjandi hátt? Reynir kennarinn að laga kennsluna sérstaklega að þörfum hópsins.
- **Hlustun.** Sýnir kennarinn góða hlustunarhæfileika? Hlustar hann nákvæmlega þegar þátttakendur leita eftir hjálp hans? Horfir hann á nemandann, truflar hann ekki og leyfir honum að ljúka spurningunni? ...
- **Þolinmæði.** Sýnir kennarinn þátttakendum ýrtruðu þolinmæði þegar hann kennir eða hjálpar einum í einu?
- **Gengið um herbergið.** Gengur kennarinn um herbergið frá einum þátttakanda til annars til þess að hjálpa þeim og til að ganga úr skugga um að allt sé skýrt?
- **Mismunandi kennsluaðferðir.** Notar kennarinn mismunandi aðferðir, nálganir og tækni við kennsluna. Notar hann mismunandi aðferðir til þess að mæta mismunandi námsstíl nemendanna?
- **Hópefli.** Kann kennarinn að móta hópanda og samstarf hópmeðlima. Getur hann haft áhrif á samskipti fólks innan hópsins á viðeigandi hátt.
- **Kanna skilning.** Kannar kennarinn reglulega hvort námsmenn skilja, eða eru eru ruglaðir, eða hvort þeim fari fram
- **Forðast mús og lyklaborð nemenda.** Í *tölvukennslu*: passar kennarinn upp á hjálpa nemendum án þess að snerta mús og lyklaborð þeirra?
- **Fullnægjandi undirbúningur.** Hefur leiðbeinandinn undirbúið sig nægilega vel fyrir kennsluna? Kemur góður undirbúningur hans fram í hnökralausu "flæði" kennslunnar.
- **Hvatning til sjálfsnáms.** Kemur fram í kennslu kennarans að hann styðji nemendurnar til þess að verða sjálfstæða námsmenn. Hvetur leiðbeinandinn þátttakendur til þess að leysa sín eigin vandamál og svara sjálf spurningum sínum?
- **Truflanir.** Kann kennarinn að umgangast truflanir í kennslustundum. Gefur ró hans, þegar óvæntir hlutir koma upp á, þetta til kynna?